

Nd.

862. Nefndarálit

um frv. til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

»Vindurinn blæs og þú heyrir hans þyt, en þú veist eigi, hvaðan hann kemur eða hvert hann fer«. Þetta þótti lengi vel óyggjandi sannindi, en nú leika menn sjer að því að vjefengja það, síðan mönnum varð ljóst, að loft og lögur eru sams eðlis, er hvorttveggja leitar jafnvægis, ef raskast, og verða af straumar. Sæfaröndum er mikil nauðsyn á að þekkja lagarstrauma, enda er það eigi mjög torvelt, er þeir eru stöðugir eða breyta sjer eftir sjávarföllum og öðrum orsökum, háðum alkunnum lögmálum. Sæfaröndum er lífsnauðsyn að þekkja loftstraumana eða vindana. Þar er þó erfiðara viðfangs, því að breytingar þeirra eru tíðari, að undanteknum nokkrum staðvindum, og háðar orsökum, sem eru dreifðar í tíma og rúmi. Tilraunir til þess að fullnægja þessari lífsnauðsyn hafa leitt hug og rannsóknir manna að þeirri vísindagrein, sem nefnist veðurfræði.

Í fyrstu fækst sú fræði við allt sem er og verður í lofti (meteorologia), en nú er hún nálega eingöngu horfin að þeim hlutum, sem gerast í gufuhvolfi jarðar og valda veðrabreytingum eða vita á að veður breytist. Til þess eru veðurathugunarstöðvar hafðar, en úr athugunum þeirra reyna menn að fá vitneskju um veðurfar og orsakafesti þá, er ræður fyrir breytingum á því.

En lítið almenningsgagn væri slíkt, ef engir fengi að vita, aðrir en þeir sem á stöðvunum vinna. Þess vegna hafa menn hitt það ráð að setja veðurvarastöðvar í fiskiver og á aðra sjósóknarstaði, til þess að gera veðurspár stöðvarinnar kunnar meðal þeirra manna, er sækja sjó, einkum á vjelbátum og opnum bátum og seglskipum, þótt stærri sje. Og öllum er gott að vita veðrið fyrir, hversu góðum skipum sem þeir stýra.

Árið 1859 var sett á stofn í Lundúnum fyrsta veðurathuganastöðin með þetta fyrir augum. Fjekk hún skeyti viðs vegar að á Bretlandi, og reyndi eftir þeim að geta sjer til um vind og veður, og sendi síðan samdægurs skeyti um það til veðurvarastöðvanna. Þær ljetu síðan almenning vita með glöggum merkjum, er sjá má langt að. Enga trú lögðu menn á þessa veðurspádóma og þótti lítið til koma. Einkum þótti mörgum vísindamönnum í veðurfræði þetta vera markleysa. En árið 1861 breyttist þetta mikið. Þá var einn dag birt í Nýjakastala viðvörun frá stöðinni í Lundúnum og var spáð ofviðri. En logn var á og blógu menn að spádóminum og reru um daginn. En næsta morgun fór hláturinn af, því að þá var við ströndina hrönn af brotnum skipum og sjódaudum mönnum. Nú fóru menn að taka eftir veðurvaranum, og forstöðumenn stöðvarinnar unnu af meira kappi en áður og með betri trú á málefnið. Urðu og skjótt miklar framfarir, svo að 1885 voru rjettir spádómar 79%, en 1890 voru 87% rjettir og 1894 voru 92% rjettir.

Af þessu er augljóst, að slíkar veðurathugunarstöðvar í sambandi við hagnafelt veðurvarakerfi bjarga aragrúa af mannlífum.

Því er það augljóst, að miklu er til kostanda að hafa veðurvara sem víðast í veiðistöðvum og höfnum, þar sem sigling er mikil, og af þeirri ástæðu leggur nefndin með því, að lög verði sett um veðurathuganastöð i Reykjavík og veðurvarakerfi í sambandi við hana, og frumvarp þetta því látið fram ganga.

Kostnað stöðvarinnar er vant að áætla nákvæmlega, en þó má segja með nokkurri vissu, að árlegur kostnaður verður eigi mikill. Tveir menn munu nægja sem segir í frv., og þyrfti sennilega 5000 kr. til launa handa þeim; þá er og húsaleiga um 600 kr. á ári, efniskaup, segjum 400 kr., skeytakostnaður á að geta 2000 krónur, og eru þá skeyti innanlands ekki reiknuð neitt, heldur að eins skeyti frá Noregi, Englandi og Vesturheimi. Auk þessa vextir og afborganir af stofnkostnaði. Hversu mikill sá kostnaður verður, getum vjer eigi sagt með vissu. Kaupa þarf til nokkurra athugunarstöðva nauðsynleg áhöld, svo sem hitamæli, loftvog, vindmæli, rakamæli, regnmæli, einingarmæli, sólskinsmæli eða skýmæli, veðurvita, birtumæli og rykmæli. Á veðurvarastöðvum þarf að reisa stangir, áþekkar siglutrjám, og hafa í dragreipi til þess að vinda upp veðurmerki. Eru þau einföld mjög, keilur, sem snúa sitt á hvað eftir merkjaskrá, sem birt er almenningi, en ljósberar um nætur, er segja til veðurs eftir einföldu og auðlærðu kerfi. Við þennan kostnað bætist þóknun til þeirra manna, er rækja stöðvarnar, um 150 kr. að meðaltali. Væri nú stöðvarnar, athugunarstöðvar og veðurvarastöðvar, 20 samtals, þá yrði sá kostnaður 3000 kr. Árlegur kostnaður yrði því um 12000 kr. Þyrfti eigi mörg mannlíf á ári til þess að borga þá upphæð. Um framkvæmd laganna og fyrirkomulag alt mundi stjórnin að sjálfsögðu fara eftir ráðum sjerfræðinga i þessari grein, og kveðja sjer til aðstoðar þann mann, sem verða ætti forstöðumaður. Þinginu verður það jafnan ófæra að ákveða slíkt með lögum, og verður því að ætla stjórninni að gera um það fyrirskipanir með þeim hætti, sem fyr segir.

Alþingi, 9. sept. 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu, Jörundur Brynjólfsson.
form. og framsögum.

Sv. Ólafsson. Stefán Stefánsson. Magnús Pjetursson.